

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar
nr. 371, 21. júlí 1988.

A og b liðir 4. gr. orðist svo:

- a) Vatnsgjald um hemil kr. 1 910,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b) Vatnsgjald um vatnsmæli kr. 82,70
fyrir hvern rúmmetra.

A liður 6. gr. orðist svo:

- a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m ³	kr. 43 100,00
251— 500 m ³	kr. 43 100,00 + 102,90 kr/m ³ yfir 250m ³
501—1500 m ³	kr. 67 580,00 + 60,30 kr/m ³ yfir 500m ³
1501—6000 m ³	kr. 126 780,00 + 38,70 kr/m ³ yfir 1500m ³
6000 m ³	kr. 297 780,00 + 30,30 kr/m ³ yfir 6000m ³

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 32 480,00
Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 910,00

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 123,5 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 19. ágúst 1988.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.